

Reykjavík
30.7.2025

Efni: Umsögn Fuglaverndar um skógrækt í landi Þverár, Reykjahverfi

Fuglavernd krefst þess að skógrækt í landi Þverár í Reykjahverfi verði sett í umhverfismat.

Ísland ber alþjóðlega ábyrgð á fjölda fuglategunda vegna þess hver stór hluti Evrópustofnsins nýtir sér landið til varps eða kemur hér við á ferðum sínum. Þetta eru ábyrgðartegundir Íslands¹. Vaðfuglar, til að mynda heiðlóa, spói, lóupræll, jaðrakan og stelkur, eru áberandi stór hluti af ábyrgðartegundum Íslands en allar þessar tegundir eru háðar opnum búsvæðum til varps og viðurværis. Nýskógrækt á slíkum búsvæðum, hvort sem það er til framleiðslu kolefniseininga eða annars, útilokar því fuglana frá því að nýta sér svæðið eftir því sem skógurinn tekur að vaxa og fæli þá auk þess frá því að nýta sér svæði í allt að nokkur hundruð metra fjarlægð frá skógarjaðrinum². Nú þegar er gengið á mólendi og önnur opin búsvæði sem mikilvæg eru vaðfuglum með ört vaxandi hætti, s.s með skógrækt, sumarhúsabyggingum, vegagerð, landbúnaði og áformum um vindorkuver. Þetta búsvæðatap birtist meðal annars í hraðri fækkun heiðlóu, spóa, lóupræls og fleiri vaðfuglategunda á Suðurlandi³. Þessum sömu tegundum fækkar þó víðar um land en á Suðurlandi og hefur það t.a.m. leitt til þess að heiðlóa, spói og lóupræll hafa færst um tvo flokka við nýjustu uppfærslu válista fugla á Íslandi sem kom út fyrr á þessu ári, úr flokknum „ekki í hættu“ (LC) í flokkinn „í nokkurri hættu“ (VU)⁴. Þó að skógrækt geti vissulega aukið búsvæði fyrir þær tegundir skógarfugla sem hér verpa og aukið líkur á landnámi nýrra tegunda skógarfugla þá eru það tegundir sem standa nú þegar betur að vígi á Íslandi skv. válista⁴ og eru með mun stærri heimsstofna⁵. Það er því ljóst að með aukinni skógrækt hér á landi á kostnað mólendis og annara opinna búsvæða er skipt út búsvæðum og tegundum sem eru tiltölulega sjaldgæfar á heimsvísu fyrir búsvæði og tegundir sem eru mun algengari. Þar með er dregið úr líffræðilegri fjölbreytni á heildina litið⁵.

Í núgildandi lögum um umhverfismat framkvæmda og áætlana⁶ er nýskógrækt einungis tilkynningaskyld til Skipulagsstofnunar ef hún tekur til 200 ha svæðis eða

¹ <https://www.natt.is/is/midlun/utgafa/naturuminjaskra/forgangstegundir-fugla>

² <https://besjournals.onlinelibrary.wiley.com/doi/full/10.1111/1365-2664.14238>

³ <https://www.tandfonline.com/doi/full/10.1080/00063657.2025.2450394#d1e468>

⁴ <https://www.natt.is/is/midlun/utgafa/valistar/fuglar/valisti-fugla-2025>

⁵ https://hi.is/sites/default/files/mas/pdf/mofuglar_og_skograekt.pdf

⁶ <https://www.althingi.is/altext/stjt/2021.111.html>

meira (eða ef skógræktin er fyrirhuguð á verndarsvæðum). Það er því augljós hvati fyrir framleiðendur kolefniseininga með skógrækt að hverri og einni framkvæmd sé haldið innan við 200 ha markið því þá þarf ekki tilkynna hana til Skipulagsstofnunar og stofnunin hefur því aldrei tækifæri til að úrskurða að framkvæmdin skuli háð umhverfismati. Vegna þeirra jaðaráhrifa sem lýst var hér að framan, þ.e. flestar tegundir mófugla forðast að verpa í návígi við skógarjaðra, geta margir litlir skógræktarreitir haft mun meiri neikvæð áhrif á mófuglastofna en fáir stórir skógræktarreitir, þó heildarflatarmálið sé það sama². Þar sem stofnar flestra mófuglategunda eru stórir hér á landi og tiltölulega jafndreifðir á stærri skala litið (þ.e. ekki mjög hnappdreifðir) þá mun hver og ein 200 ha framkvæmd sennilega aldrei hafa mikil neikvæð stofnáhrif ein og sér, þar sem áhrifin ná einungis til lítils hluta af landsstofni tegundarinnar. Hins vegar munu margar slíkar framkvæmdir samt sem áður geta haft veruleg neikvæð áhrif á heildina litið.

Það er því fullkomlega óásættanlegt að sami framkvæmdaraðili geti fræðilega staðið fyrir skógrækt á þúsundum hektara lands án þess að þurfa nokkurn tímann að láta meta einstök eða uppsöfnuð umhverfisáhrif framkvæmda sinna því hvert og eitt skógræktarverkefni er alltaf innan við 200 ha að stærð. Að mati Fuglaverndar ætti öll skógrækt skilyrðislaust að fara í umhverfismat og framkvæmdaraðilar sömuleiðis að vera skyldaðir til að meta uppsöfnuð heildaráhrif allra sinna framkvæmda á lífríki landsins. Einungis með þeim hætti má fá heildarmynd af áhrifum skógræktar á vistkerfi Íslands og líffræðilega fjölbreytni.

Umhverfismat fyrir skógrækt þarf bæði að vera sértækt fyrir fyrirhugað skógræktarsvæði, auk þess að taka tillit til jaðaráhrifa og uppsafnaðra áhrifa af öllum skógræktarverkefnum á nærliggjandi svæðum. Í þessu tilviki er fyrirhugað skógræktarsvæði á vel grónu, tiltölulega flötu mólendi á láglendi norðaustanlands. Í slíku búsvæði má fyrir fram búast við töluverðum þéttleika mófugla, einkum heiðlóu og spóa⁷. Sömuleiðis má búast við háum þéttleika rjúpu á svæðinu, en mikilvægustu varplönd hennar eru mólendi á Norðausturlandi^{8,9}. Rjúpan er auk þess mikilvægasta fæða fálkans¹⁰, en fækkað hefur hratt í fálkastofninum síðustu ár og er tegundin nú metin í hættu (EN) hérlandis¹¹. Áhrifaríkasta leiðin til að vernda fuglategundir sem verpa jafn dreift og mófuglar gera er að vernda búsvæði þeirra, sérstaklega búsvæði eða vistgerðir sem eru þeim hlutfallslega mikilvæg. Því er nauðsynlegt að meta þéttleika mófugla sérstaklega fyrir hvert fyrirhugað framkvæmdarsvæði þar sem mikill munur getur verið á þéttleika fugla milli landshluta og búsvæða. Til að meta raunverulegt búsvæðatap mófugla við skógrækt er þó ekki nóg að gera ráð fyrir að einungis það flatarmál lands sem fer undir skóg sé tapað heldur þarf einnig að gera

⁷ <https://moi.hi.is/is/mofuglar/busvaedi>

⁸ https://utgafa.ni.is/fjolrit/Fjolrit_55.pdf

⁹ <https://www.natt.is/is/biota/animalia/chordata/aves/galliformes/rjupa-lagopus-muta>

¹⁰ <https://www.natt.is/is/rannsoknir/voktun-og-rannsoknir/voktun-rjupnastofnsins>

¹¹ <https://www.natt.is/is/biota/animalia/chordata/aves/falconiformes/falki-falco-rusticolus>

ráð fyrir jaðaráhrifum, þ.e. lægri þéttleika mófugla í nágrenni við skógræktina, líkt og lýst hefur verið hér að framan. Slík jaðaráhrif geta aukið verulega á neikvæð áhrif skógræktar á mófugla².

Með góðum kveðjum, f.h. stjórnar Fuglaverndar,
Menja von Schmalensee, formaður
Hólmfríður Arnardóttur, framkvæmdastjóri